

Þessar reglur voru samþykktar á aðalfundi Skógfræðingafélags Íslands, 10. mars 2015

Reglur fyrir Gunnarssjóð

1.gr.

Sjóðurinn var stofnaður eftir fráfall Gunnars Freysteinsonar, skógfræðings. Sjóðurinn hefur fengið nafnið Gunnarssjóður.

2.gr.

Sjóðnum er ætlað að vera verndari Gunnarslundar í Haukadal til framtíðar, viðhalda og auka fræðslugildi lundarins og gera hann eftirsóknarverðan til heimsókna og útivistar.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Verðbætur og vextir.
2. Framlög til sjóðsins og annað fé, svo sem áheit og gjafir.

4.gr.

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands ásamt fulltrúa úr fjölskyldu Gunnars Freysteinsonar fara með stjórn sjóðsins. Allar ákvarðanir varðandi sjóðinn skulu bókfærðar í fundargerðabók félagsins, samþykktar og undirritaðar í lok hvers fundar.

5.gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu skoðunarmenn Skógfræðingafélags Íslands endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu reikningar lagðir fram árlega, um leið og reikningar félagsins.

6.gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal almennt ekki vera meiri en svo að verðgildi sjóðsins rýrni ekki, það er, einungis skal úthluta uppsöfnuðum vöxtum sem styrkjum úr sjóðnum. Á þessu má þó gera undantekningu ef viðbótarfjármagns er þörf til einstakra brýnna verka í Gunnarslundi og stjórn sjóðsins sé sammála. Aldrei skal þó ráðstafa meiru en sem nemur ¼ upphafslegs höfuðstól innan hvers reikningsárs sjóðsins Upphaflegur höfuðstóll sjóðsins er sú heildarupphæð sem til er í sjóðnum þann 1. apríl 2010 uppreiknuð samkvæmt lánskjaravísitölu. Stefnt skal að úthluta úr sjóðnum ekki sjaldnar en 3. hvert ár.

7.gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur um ráðstöfun fjármagns úr sjóðnum. Einungis er heimilt að nýta fjármagnið til uppbyggingar í Gunnarslundi. Gjaldkeri félagsins sér um greiðslur samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

8.gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar Skógfræðingafélags Íslands og fulltrúa fjölskyldunnar, ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi félagsins. Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans varið í einu lagi til endurmenntunar skógræktarfólks eða í Gunnarslund, en það skal þá ákveðið með sama meirihluta á aðalfundi félagsins. Samþykkt á aðalfundi Skógfræðingafélags Íslands, 10. mars 2015